

Nd.

350. Framhaldsnefndarálit

í málinu: Frumv. til laga um eignarnámsheimild fyrir hreppsnefnd Hvanneyrar-hrepps á lóð og mannvirkjum undir hafnarbyggju.

Við frumvarp þetta hefir háttv. efri deild bætt síðasta málslið annarar greinar, er kveður á um yfirmat á lóð og mannvirkjum, komi málsaðiljar sjer ekki saman.

Jafn vel þótt samskonar lög og hjer getur, hafi áður verið samþykkt af Alþingi, er ekki hafa gjört ráð fyrir yfirmati, þá lítur nefndin svo á, að hjer sje þó breyting til bóta á frumvarpinu, og leggur til að það sje samþykkt.

Alþingi 3. ágúst 1914.

Björn Hallsson,
form.

Stefán Stefánsson,
skrifari.

Eggert Pálsson.

Sveinn Björnsson.

Einar Arnórsson.